

Ritstjóri:
Þórarinn Þórarinnsson
Fréttaritstjóri:
Jón Helgason
Útgefandi:
Framsóknarflokkurinn

Tíminn

Skrifstofur í Edduhúsinu
Ritstjórnarstar:
4373 og 2353
Afgreiðslustími 2323.
Auglýsingastími 81300
Prentsmiðjan Edda

33. árg.

Reykjavík, þriðjudaginn 22. febrúar 1949

40. blað

Aðalfundur mið- stjórnar Fram- sóknarflokksins settur í gær

Aðalfundur miðstjórnar Framsóknarflokksins var settur í samkomusal Edduhússins klukkan hálf-fimm í gær. Voru þá komnir til fundar, auk þingmanna og miðstjórnarmanna í Reykjavík og nágrenni, Jón Hannesson í Deildartungu, Sverrir Gíslason í Hvammi, Ásgeir Bjarnason í Ásgarði, Jóhannes Davíðsson í Neðri-Hjarðardal, Gunnar Þórðarson í Grænumýrartungu, Gunnar Grímsson á Skagaströnd, Gísli Magnússon í Eyhildarholti, Björn Kristjánsson í Grófarseli, Sigurður Jónsson á Stafafelli, Eiríkur Jónsson í Vorsabæ og Daníval Danívalsson í Keflavík. Auk þess voru þá á leiðinni til bæjar, svo að frétt hafði, Sigurður Steinþórsson í Stykkishólmi og Sigurður Ólafsson í Kollabæ.

Hermann Jónasson, formaður Framsóknarflokksins, flutti ítarlega ræðu við setningu fundarins, en síðan talaði ritari flokksins, Eysteinn Jónsson menntamálaráðherra.

Í gærkvöldi var enn fundur, er blaðið fór í prentun, og í dag á fundur að hefjast að nýju klukkan hálf-fimm.

Námsflokkar Reykjavíkur tíu ára

Námsflokkar Reykjavíkur áttu tíu ára afmæli í þessum mánuði. Á þessum árum hafa h.ú.b. 3800 nemendur stundað nám við námsflokkan. Alls hafa verið kenndar 23 námsgreinar, en 59 kennarar hafa starfað við námsflokkan. — Námsflokkar Reykjavíkur hafa frá byrjun verið starfræktir á vegum bæjarins og fluttu þeir Helgi H. Eiríksson og Gunnar Thoroddsen það mál í fyrstu í bæjarstjórn.

Nemendur hafa því nær allir stundað vinnu á daginn, en hafa aðeins haft kvöldin til náms. Þeir hafa að meðaltali tekið þátt í h.ú.b. 2 námsgreinum. Aldur þeirra hefir verið frá 13—56 ár, en jafnan hefir verið margt af fullorðnu fólki og er það nú hlutfallslega fleira en áður.

Ágúst Sigurðsson cand. mag. hefir veitt námsflokkunum forstöðu frá byrjun.

Námsflokkar Reykjavíkur halda hátíðlegt 10 ára afmælið á morgun, miðvikud. 23. þ. m. með samkomu í Tjarnarcafé, sem er jafnt fyrir fyrrverandi sem núverandi nemendur.

Frá málverkasýningu Kjarvals



Myndir þessar voru teknar við opnun málverkasýningar Kjarvals á laugardaginn, myndin til vinstri af málverkinu „Sólbað og þrældómur“, sem er stærsta málverkið á sýningunni og eitt það tilkomumesta. Hin myndin er af listamanninum þar sem hann er að sýna Jónasi Jónssyni alþingismanni eina af myndum sínum. Mikil aðsókn er að sýningunni eins og vænta mátti. (Ljós.: Guðni Þórðarson)

Íslendingar fá sjö milljónir dollara

New York Times skýrir frá því, að efnahagssamvinnustofnun hafi gert tilteigur um skiptingu Marshall-fjárins, sem veitt verður síðari hluta þessa árs og fyrri hluta næsta árs.

Í blaðinu segir svo, að Íslendingar hafi óskað að fá tíu milljónir dollara á þessu tímabili, en lagt sé til, að þeir fái sjö milljónir dollara.

Áður hafði Íslendingum verið úthlutað um ellefu milljónum dollara, en af því fé er nú búið að innna af höndum greiðslur á um sjö milljónum.

Baldur frá Sandi komst heilu og höldnu að landi

Vélbaturinn Baldur frá Sandi, sem lýst var eftir síðastliðið laugardagskvöld, komst að landi heilu og höldnu.

Baldur var áður flóabátur á Breiðafirði, en fyrir nokkru var hann seldur til Sands, þar sem hann er gerður út sem fiskibátur.

Menntamálaráð úthlutar námsstyrkjum árið 1949

Umsóknir frá 113, sem áður hafa sótt, og 122 nýjum.

Menntamálaráð Íslands hefir nýlega úthlutað fé því, sem væntanlega verður veitt á fjárlögum 1949, 14. gr. B. II. b., svo sem hér segir:

Framhaldsstyrkir:

Aðalsteinn Sigurðsson, dýrafræði, 2.000, Andrés Andrés-son, vélaverkfr., 3.000, Andrés H. Guðmundsson, lyfjafræði, 2.000, Árni G. Pétursson, búfræði, 2.000, Árni Waage, mjólkurfræði, 2.000, Ásgerður E. Búadóttir, málalag, 2.000, Axel V. Magnússon, garðyrkja, 2.000, Baldur Þorsteins-son, skógrækt, 3.000, Baldvin Halldórsson, leiklist, 2.000, Benedikt Gunnarsson, byggingaverkfr., 2.000, Benedikt B. Sigurðsson, byggingaverkfr., 3.000, Bjarni Steingrims-son, efnifræði, 3.000, Björn Franzson, tónsmíðar, 3.000, Björn J. Lárusson, hagfræði, 3.000, Björn Sveinbjörnsson, iðnverkfræði, 3.000, Davíð Stefánsson, veðurfræði, 2.000, Einar G. Baldvinsson, málalag, 2.000, Einar Jónsson, vélaverkfræði, 2.000, Elín P. Bjarnason, málalag, 2.000, Emil N. Bjarnason, búfræði, 2.000, Erla Elíasdóttir, enska, 2.000, Erlendur Helgason, húsagerðarlist, 2.000, Erlingur Guðmundsson, byggingaverkfr., 3.000, Eyjólfur A.

Guðnason, búfræði, 2.000, Friðrik H. Gíslason, gistihúsa rekstur, 2.000, Garðar Ólafsson, tannlækningar, 2.000, Geir Kristjánsson, bókmntir, 3.000, Gerður Helgadóttir, höggmyndalist, 2.000, Guðlaugur Hannesson, iðngerlafræði, 3.000, Guðmundur K. Guðjónsson, hagfræði, 3.000, Guðmundur Elíasson, höggmyndalist, 2.000, Guðni Hannesson, hagfræði, 3.000, Guðrún Á. Simonar, söngur, 3.000, Gunnar K. Bergsteinsson, siglingafræði, 2.000, Gunnar Ó. P. Egilsson, klarinettleikur, 2.000, Gunnar Ólason, efnaverkfræði, 2.000, Gunnhildur Snorradóttir, sálfræði, 2.000, Guttormur V. Þormar, byggingarverkfræði, 3.000, Halldór Sveinsson, rafmagnsfr., 3.000, Haraldur Árnason, landbúnaðarverkfr., 3.000, Haraldur Jóhannsson, hagfræði, 3.000, Hjalti Einarsson, efnaverkfr., 2.000, Hjörleifur Sigurðsson, málalag, 3.000, Hólmfríður Pálsdóttir, leiklist, 2.000, Hrólfur Sigurðsson, málalag, 2.000, Ída P. Björnsson, (Framhald á 8. síðu)

Aðalfundur Sjó- mannadagsráðsins

Aðalfundur Sjómannadagsráðsins í Reykjavík var haldinn á sunnudaginn. Eignir hins fyrirhugaða dvalarheimilis sjómanna og sjómannadagsins í Reykjavík nema nú tveimur milljónum króna og höfðu aukist um á fjórða hundrað þúsund króna á árinu. Gjafatekjur námu 74 þúsundum króna.

Áætlað er, að dvalarheimilið kosti fullbúið tíu milljónir króna, og byggingin taki að minnsta kosti fimm ár.

Á fundinum las gjaldkeri fjárfundunarnefndar, Björn Ólafsson í Mýrarhúsum, upp gjafa bréf frá Guðmundi Andrésyni og Kristínu Jónasdóttur, Laugavegi 50, þar sem þau gáfu dvalarheimilinu bókasafn sitt. Er hér um vandað bókasafn að ræða. Samþykkti fundurinn þakkarávarp til þeirra hjóna, Guðmundar og Kristínar.

Áður höfðu borizt mjög merkar bókaafir frá ekkju Þórðar heiti Sveinssonar og erfingjum Indriða skipstjóra Gottsveinssonar og auk þess er svo bókasafnssjóður Arnar Arnarsonar skálds.

Stjórnina skipa nú: Henry Hálfðánarson, form., Þorvarður Björnsson, gjaldkeri, Jón Halldórsson, ritari, Stefán Ó. Björnsson, varaform., Böðvar Steinþórsson, varagjaldkeri og Pálmi Jónsson, vararitari, endurskoðendur þeir Jónas Jónasson og Kristmundur Guðmundsson.